

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Silfur götu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Ekki sátt við flokkinn sinn

„Ég hef ekki farið dult með það, að ég hef ekki verið neitt sátt við flokkinn minn. Mér finnst ekki rétt að bjóða mig fram á nýjan leik fyrir þann flokk. Eins leiðinlegt og mér finnst það nú, því að hér í Ísafjarðarbæ er mikið af góðu fólki í þeim flokki.“ – Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, forseti bæjarstjórnar, er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10 og 13.

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Föstudagur 25. apríl 2014 · 16. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Velheppnuð tónlistarhátíð!

Umhverfisvænar-
Umhverfissvottaðar
hreinlætisvörur



VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00



EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Grunnskólinn á Ísafirði.

BREYTT ÚTLIT Á A+ VÖRUNUM

HÁGÆÐA HÚÐVÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Á FRÁBÆRU VERÐI.
 ENGIN ILM- EÐA LITAREFNI. **FÁST NÚ Í APÓTEKUM**

Nemendum á Vestfjörðum fækkaði um 2,3%

Nemendur í grunnskólum á Vestfjörðum voru 882 haustið 2013, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Nemendum fækkaði um 21 (2,3%) frá fyrra ári eftir, þegar þeir voru 903. Fjölgun var í fimm skólum af þrettán, nemendafjöldi stóð í stað í einum skóla en fækkun var í sjö skólum. Í Grunnskóla Önundar-

fjarðar voru nemendur alls 17 bæði 2012 og 2013. Í Grunnskóla Bolungarvíkur fjölgaði nemendum mest eða um 26 (23,6%). Voru þeir alls 136 á síðasta ári. Í Reykhólaskóla fjölgaði um þrjá (8,6%) nemendur og voru þeir 38 árið 2013. Í Grunnskóla Vesturbyggðar fjölgaði um sex (5,8%) og voru nemendur 110 á síðasta

ári. Í grunnskólanum á Drangnesi fjölgaði um tvo og voru nemendur 13 (18,2%) árið 2013. Nemendum í Súðavíkurskóla fjölgaði um tvo (9,5%) og voru þeir 23 á síðasta ári.

Í Grunnskólanum á Suðureyri fækkaði nemendum um tvo (5,3%) og voru þeir 36 talsins árið 2013. Í Grunnskólanum á

Ísafirði fækkaði nemendum um 33 (8,6%) og voru þeir 349 á síðasta ári. Nemendum í Grunnskólanum á Þingeyri fækkaði um níu (23,7%) og voru þeir 29 á síðasta ári. Í Grunnskólanum á Tálknafirði fækkaði nemendum um fjóra (7,5%) og voru þeir 49 árið 2013. Í Finnbogastaðaskóla fækkaði um einn (16,7%) og voru

nemendur fimm talsins á síðasta ári. Nemendum í Grunnskólanum á Hólmavík fækkaði um níu (11,5%) og voru þeir 69 á síðasta ári.

Og loks í Grunnskólanum á Borðeyri fækkaði nemendum um tvo (20%) en þeir voru átta talsins árið 2013.

– harpa@bb.is

Vilt þú verða bátameistari?

Við leitum að starfsmanni á stað okkar á Ísafirði

Nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 696-7056.
 Umsóknarform má finna á Subway.is

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslu- og þjónustustörfum. Við gerum kröfu um þjónustulund, samvirksemi og jákvæðni.



Vilja að Vísir selji kvótann

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vill að bærinn eigi milligöngu um að aflaheimildir verði keyptar af Vísir hf. Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var lagt fram minnisblað Daníels Jakobssonar, bæjarsjóra, um atvinnumál á Þingeyri og hefur Daníel verið falið að senda stjórnendum Vísis bréf um kaup á aflaheimildum. Í minnisblaðinu kemur fram að eftir að Vísir tilkynnti um lokun fiskvinnslunnar á Þingeyri var settur á laggirnar vinnuhópur á vegum bæjaryfirvalda og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og jafnframt hefur Byggðastofnun komið að starfi hans. Aflaheimildirnar sem bærinn vill að verði keyptar af Vísir eru þær sem voru lagðar inn í Fjölni hf. sem var félag í eigu Vísis og fleiri aðila.

Í minnisblaðinu segir: „Þegar Vísir kom að Þingeyri árið 1999 var stofnað félagið Fjölnir hf. Það fór af stað með 500 m.kr. hlutafé en því til viðbótar voru teknar 500 m.kr. að láni og fyrir þetta keyptar aflaheimildir. Í ljósi

þess að til þessa samstarfs við Vísir var stofnað á þessum forsendum og til þess að styrkja byggð á Þingeyri má þykja sanngjarnt að Vísir selji þessar aflaheimildir aftur til þess aðila sem að vill hefja þarna starfsemi. Ekki er lagt til að bærinn kaupi þessar heimildir heldur hafi milligöngu og hugsanlega einhverja aðkomu að kaupnum.“

Aðgerðaráætlun starfshópsins er í þremur liðum. Auk þess að kaupa kvóta af Vísir er lagt til að Þingeyri fái úthlutað allt að 500 tonna sértækum byggðakvóta og að samkomulag verði gert við Vísir um eignir fyrirtækisins á Þingeyri. Á fundi bæjarráðs var því enn fremur beint til Alþingis og innanríkisráðherra að vinnu við Dýrafjarðargöng verði flýtt í ljósi mikilvægis þeirra fyrir atvinnulíf á Vestfjörðum. „Hönnun ganganna er lokið og tilbúin til útboðs, þar af leiðandi er engin fyrirstaða í því að þau verði boðin út,“ segir í fundargerð.

– smari@bb.is

Bæjarins besta



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Glöggð er gestsaugað

Vestfirðingar hafa trúlega öðrum Íslendingum fremur mátt sætta sig við sumarkomuna, samkvæmt Almanakinu, hvað sem tíðarfari líður. Harpan er gengin í garð og þar við situr. Huggun er að þá eru alla jafnan veðurfarslega erfiðustu mánuðir ársins að baki og í vændum betri tíð með blóm í haga og kýrnar teknar að leika við kvörn sinn finger, eins og Kiljan orðaði það.

Sumarið í Ísafjarðarbæ er um margt annað nú á tímum en fyrir nokkrum árum, að ekki sé mælt í áratugum, að slepptu tíðarfari. Látum að mestu liggja hjá garði breytingar sem augað fær numið, svo sem Silfurtorgið, sem fyrri tíma virtur rithöfundur og blaðamaður tók svo djúpt í árinna að væri fegursta bæjartorgið á Íslandi, og hellulagningu tiltekinnar gatna á Eyrinni, sem kemur til með að draga upp allt aðra og fegurri mynd af bæjarhlutanum, en áður hefur gefið að líta.

Mestu hræringarnar sem orðið hafa í bæjarfélaginu yfir sumartímann er ferðamannastraumurinn, ekki hvað síst fjöldinn sem skemmtiferðaskipin koma með, nokkuð sem þekktist ekki fyrir tiltölulega fáum árum.

Þar sem ferðafólkið, sem þarna um ræðir, hefur stuttan stans þá vaknar spurningin: Eftir hverju leitar þetta fólk, margt hvert kemur frá milljón manna samfélögum, hverju á það von á við komuna í þetta litla og fámenna byggðarlag?

Að öllum líkindum leitar það fyrst eftir því sem kalla mætti kjarna, miðpunkt þar sem líkindi væru á mannlífi og verslun. Þar höfum við Silfurtorgið, sem við getum verið stolt af. Ekki er úr vegi að rífa upp ummæli erlendra gesta, að heimsborgarblærinn á þessu litla samfélagi, hafi komið þeim verulega á óvart. Slíkum gæðastimpli má ekki glata.

Næðstikaupstaðurinn hefur óumdeilt aðdráttarafl fyrir ferðamanninn. Þar er sagan á bak við stöðu bæjarfélagsins í dag. Aðkallandi er að byggingu byggðasafnsins verði hrundið í verk. Glæsileik Safnahússins verður að halda á lofti. Það eitt og sér er perla.

Einn er sá staður ónefndur sem gæti verið fastur viðkomustaður ferðamannsins, enda stutt að ríða þangað frá hafnarbakkanum: Jónsgarður. Í nýjasta Ársriti Sögufélags Ísfirðinga er rakin sama Blómagarðsins, eins og hann hét í augum Ísfirðinga allt frá því fyrstu skrefin voru stigin, af fáeinum hugsjónamönnum, í þá átt að breyta ösku- og ruslahaug, stórgrytisurð og gömlum vatnsfullum mógröfum í blóma og trjágarð, til sönnunar þess að slíkur gróður gæti þrífist hér um slóðir, þar til brautryðjandanum, Jóni skraddara, var auðsýndur sá heiður að tengja garðinn nafni hans. Annað sæmir ekki en að Jónsgarði verði sómi sýndur. Í fullum sumarskrúða yrði hann án nokkurs vafa einn af áfangastöðunum sem ferðamenn sæktust eftir að skoða í stuttu stansi við komuna til Ísafjarðar. Jónsgarður í sínum besta skruða yrði bæjarþrýði.

s.h.

Spurning vikunnar

Berð þú traust til lögreglunnar?

Alls svöruðu 514.

Já sögðu 412 eða 80%

Nei sögðu 102 eða 20%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Um 800 manns voru í Tungudal þegar mest var.

Góðir skíðapáskar þrátt fyrir veður og tjón á lyftu

„Þetta voru bara ljómandi góðir páskar. Stórslysalausir en að vísu varð stórtjón á Sandfellslyftunni,“ segir Gautur Ívar Halldórsson, forstöðumaður skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar. Á laugardag flæktist eitt jójó milli klafa og vírs við 12. staur þar sem spennan á vírnum er einna mest og er það umfangsmikið verk að laga það. Mögulega þarf að panta varahluti frá Þýskalandi en ekki er búið að meta tjónið til fulls. Starfsmenn skíðasvæðisins eru úrræðagóðir

og var fenginn snjóbíll frá björgunarsveitinni í Bolungarvík til að ferja skíðafólk upp brekkuna og segir Gautur Ívar að fólk hafi bara tekið því vel og mörgum þótti spennandi að fara með snjóbílnum. Hann segir ólíklegt að lyftan fari aftur í gang fyrr en næsta vetur.

Skíðasvæðið var lokað á föstudaginn langa vegna veðurs. „Allir viðburðir á svæðinu gengu vel þó við þurfum að færa nokkra viðburði til á milli daga. Solla

stirða og íþróttaálfurinn komu og vöktu lukku hjá krökkunum,“ segir hann. Færra fólk var á skíðum á páskunum miðað páskana í fyrra. „Það var leiðindaspá fyrir páskana og það held ég að ráði mestu um það að færri fólk kom vestur.“ Starfsmenn skíðasvæðisins eru að vonum útkeyrðir eftir afar annasama daga. „Ég sagði við strákana að það væri algjört vinnubann í dag. Mannskapurinn er útkeyrður,“ segir Gautur Ívar.

– smari@bb.is

Tali um að ekki sé til fjármagn vísað til föðurnúsanna

„Undirritaðir bæjarfulltrúar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mótmæla því sem komið hefur fram af hálfu Isavia að ekki sé til fjármagn til að laga Þingeyrarflugvöll svo að hann nýtist sem varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll. Nýlega var opinberað að Isavia hafi verið rekið með 3,2 milljarða króna hagnaði á síðasta rekstrarári. Því er það krafa okkar að strax verði farið í að laga Þingeyrarflugvöll. Öllu tali um að ekki sé til fjármagn er hér með vísað til föðurnúsanna,“ segir í ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Kristján Andri Guðjónsson, bæjarfulltrúi í lista lagði fram

framangreinda tillögu að ályktun og sagði við það tilefni: „Ég las það, og þið hafið sennilega lesið það fleiri, að það er alltaf verið að segja að það séu ekki til neindir peningar til að laga þennan blessaða völl og svo rakst ég á það núna held ég í síðustu viku að ISAVIA, sem grenjar og grenjar og segist aldrei eiga peninga, að þeir voru, eða Isavia var rekið með 3,2 milljarða króna hagnaði síðasta ári.“

Í viðtali við BB nýverið sagði Friðþór Eydal upplýsingafulltrúi Isavia, ekkert fé fást til að endurbæta flugbrautina á Þingeyri en slitlag brautarinnar er stórskemmt. Á samgönguáætlun ársins sé ekki

gert ráð fyrir að fara í lagfæringar á flugbrautinni og það ráðist algjörlega af ráðuneyti og Alþingi hvað verðigert í framtíðinni. „Við stöndum frammi fyrir mörgum verkefnum og takmörkuðu fjármagni og því verða einhver verk útundan,“ sagði Friðþór.

Hagnaður Isavia, sem annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í landinu og er leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu, nam ríflega 3,2 milljörðum króna í fyrra sem er aukning upp á um 2,5 milljarða króna frá árinu 2012. Tekjur félagsins námu alls 19,8 milljörðum króna og jukust um 1.414 milljónir króna, eða 7,7%.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Kók í bauk. 330 ml. 79.kr. stk



229
kr. 300g



298
kr. 350g

EUROSHOPPER PIZZA-MARGHERITA & PIZZA- SALAMI



Bónus Pylsubrauð 5 stk
& Pylsur 10 stk 485g



198
kr. 1.5 ltr.

198
kr. 2 ltr.



1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSÍÐ



1398
krónur kg.

KJARNAFÆÐI ÍSLENSKT HEIÐALAMB Íslenskar kryddjurtir



298
kr. 5 stk./360g



SS

1798
krónur kg.

SLÁTURFÉLAGIÐ
Frosnar lamba-tvívífjur



1198
krónur kg.

Grillmeistarinn Grísakótilettur kryddlegnar



79
kr. 500ml



Úrbeinuð kjúklingalæri

1359
krónur 700g.



Kjúklingabringur

1798
krónur 900g.



1998
krónur kg.

100%
KJÖT

Frosin Kalkúnabringa



579
kr. 500g



1598
kr 10 stk. 120g

159
kr 4 stk.

Kjarnafæði Frosnir
nautgripa-hamborgarar 120g
Bónus XL hamborgarabrauð

AFGREIÐSLUTÍMI **11:00-18:30** SUMARDAGURINN FYRSTI

Fundir á Ísafirði

ADHD samtökin verða á Ísafirði
mánudaginn 28. apríl 2014.

- Kynningarfundir fyrir fagfólk, stuðningsfulltrúa og aðra.
- Spjallfundir fyrir foreldra.

Kynningarfundur fyrir fagfólk, stuðningsfulltrúa og aðra

Kynningarfundur ADHD samtakanna verður haldinn á Ísafirði
mánudaginn 28. apríl kl. 14:30 í sal Grunnskólans á Ísafirði,
Austurvegi, í samvinnu við velferðarráðuneytið. Fundurinn er ætlaður
starfsfólki leik-, grunn- og framhaldsskóla, sérfræðingum í skóla- og
félagsþjónustu og öllum þeim sem starfa með börnum, ungmennum
eða fullorðnum með ADHD. **Foreldrar eru velkomnir.**

Efni fundar: **Hvað er ADHD og hvað gera ADHD samtökin?**

Elín Hoe Hinriksdóttir sérkennari og formaður
stjórnar ADHD samtakanna og Björk Þórarinsdóttir
gjaldkeri ADHD samtakanna kynna samtökin.

Spjallfundur fyrir foreldra

Kl. 20:00 í sal Grunnskólans á Ísafirði, Austurvegur, verður
spjallfundur sem Björk og Elín Stýra fyrir foreldra barna og
ungmenna með ADHD. Ekki er um fyrirlestur að ræða. Hvetjum
foreldra barna í leik-, grunn- og framhaldsskólum til að mæta.

Fundirnir eru öllum opnir og kosta ekkert.

Nánari upplýsingar á skrifstofu ADHD samtakanna í síma 581 1110.



Ester Rut Unnsteinsdóttir.

Ester Rut hættir í sveitarstjórn

Sveitarstjórn Súðavíkur hefur veitt Ester Rut Unnsteinsdóttur, forstöðukonu Melrakkaseturs Íslands í Súðavík, lausn frá störfum í sveitarstjórn og nefndarstörfum frá 1. apríl síðastliðnum. Ester Rut segir ástæðuna vera m.a. þá að hún sé að undirbúa doktorsvörn 19. maí og því sé mikið annríki hjá henni. „Það er mikið að gera hjá mér vegna þessa og einnig er vinnan mín krefjandi og ég sá bara ekki fram á að geta sinnt störfum mínum í sveitarstjórn almennilega fram að lokum kjörtímabilsins. Ég er talsvert mikið fyrir sunnan enda starfa ég hjá Náttúrufræðistofnun og sinni eingöngu rannsóknarverkefnum og faglegri vinnu Melrakkasetursins,“ segir Ester Rut.

Hún segir að Jónas Gunnlaugsson muni sjá um reksturinn ásamt Stephen Midgley og lausafólki.

„Maðurinn minn missti sína vinnu fyrir vestan og er byrjaður í nýrri vinnu fyrir sunnan. Við höfum auglýst húsið okkar í Eyrardal til sölu og munum líklega flytja í vor, því miður. Hjartað er þó fyrir vestan og Melrakkasetrið er svo nátengt mínum verkefnum að ég mun áfram sinna því sem forstöðumaður rannsóknasviðs og sem stjórnarmaður. Ég var áður með annan fótinn fyrir vestan og nú verð ég þannig aftur og sinni áfram rannsóknum á refum, bæði á Hornströndum og á landsvísu,“ segir Ester Rut.

Erindi hennar var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar og við það tækifæri var henni þakkað fyrir góð störf fyrir hönd sveitarfélagsins og ánægjulegt samstarf á sviði sveitarstjórnarmála. Ester Rut hefur setið í sveitarstjórn fyrir L-listann frá síðustu sveitarstjórnarkosningum, 2010.

Ákærður fyrir að kveikja í

Ríkissaksóknari hefur ákært 22 ára karlmann fyrir íkveikju í Fánasmiðjunni í Norðurtangahúsinu á Ísafirði sumarið 2012. Vátryggingafélag Íslands krefst þess að maðurinn verði dæmdur til að greiða 52 milljónir króna í skaðabætur vegna skemmda sem tryggingafélagið þurfti að bæta. Nær tvö ár eru liðin frá íkveikjunni, sem átti sér stað í júní 2012. Fánasmiðjan var í kjölfarið lokað í um hálft ár, en fljótlega eftir brunann var ákveðið að ráðast í endurbyggingu. Fljótlega varð ljóst að um íkveikju hafði verið að ræða, en málið taldist ekki upplýst fyrr en í mars 2013.

Greiðlega gekk að slökkva eldinn á sínum tíma, þótt aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar vegna mikils reyks en þeg-

ar upptök eldsins fundust var auðvelt að slökka hann enda hafði lítið súrefni komist í hann og hann ekki náð að dreifa sér. Ekkert fólk var í húsinu, en lögregla hafði náð að hlaupa upp og niður stigaganga hússins og gekk úr skugga um að húsið væri mannlaut áður en slökkvistörf hófust.

Í brunanum skemmdust nær öll tæki, lager og búnaður félagsins. Þó slapp silkiprentvélin sem prentar fyrirtækjafánana. Henni var mjög fljótlega komið í gang aftur eftir brunann og þannig hélt starfsemin áfram en fánar voru prentaðir annars staðar fyrir viðskiptavinum Fánasmiðjunnar. Fánasmiðjan var opnuð með viðhöfn í janúar í fyrra eftir að búið var að hreinsa út brunarústirnar og koma upp nýjum búnaði.

85. verkefni - 49. leikár

Þið munið hann Jörund

eftir Jónas Árnason
Leikstjórn: Víkingur Kristjánsson
Tónlistarstjórn: Jón Hallfreð Engilbertsson

Sýnt í Edinborgarhúsinu
SÍÐUSTU SÝNINGAR
6. sýning 25. apríl kl 20
7. sýning 29. apríl kl 20
8. sýning 30. apríl kl 20
Miðapantanir í síma 856 5455
Miðaverð kr 2900 - 12 ára og yngri kr 2000

Litli Leikklúbburinn
Ísafirði

Edinborg
Bistro-Café-Bar

Leikhústilboð Edinborg Bistró:
Ofnsteikt lambalæri með salati,
bakaðri kartöflu og béarnaisesósu
á aðeins 2.700 fyrir sýningu.
Sími: 456 8335

ÞÚ FÆRÐ **HANKOOK**
SUMARDEKKIN
HJÁ OKKUR



Kinergy Eco | Ventus Prime 2 | Hankook AT

VERSLUM
Í HEIMABYGGÐ

2004 **10** 2014

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA Í 10 ÁR

BÍLAVERID ehf

456 3501
www.bilaverid.is



Smurpjónusta



Smáviðgerðir



Rafgeymar



Tónleikagestir létu veðrið Aldrei á sig fá

„Það gekk allt smurt og eins og átti að vera, nema kannskirétt í byrjun. En það reddaðist, það komu um þrjátíu tónlistarmenn með rútu á föstudeginum og mér fannst ótrúlega frábært hve margir nenntu að hoppa út upp í rútu. Það er sko ekki sjálfgefið að allir séu svona liðlegir,“ segir Birna Jónasdóttir rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður sem fór fram um helgina. „Mér þykir reyndar veðurguðirnir hafa lélegan húmor, geggjað veður fyrir og eftir helgina en leiðinlegt veður á helginni. Núna stend ég hérna úti á peysunni bara að sópa og ganga frá,“ segir hún.

Aðeins eitt atriði forfallaðist en það var Kött Grá Þjé sem átti

að koma fram á föstudagskvöldinu. Engu að síður stigu þrettán atriði á svið það kvöld því meistari Páll Óskar Hjálmtýsson hljóp í skarðið. Fyrstu nótur kvöldsins slóg Ísfirðingurinn Þórunn Arna Kristjánsdóttir ásamt búgibandi Skúla mennska. Þá tók Hemúllinn frá Hólmavík við og að sögn Birnu rokkstjóra átti hann eitt besta atriði hátíðarinnar. „Hann sló alveg í gegn, var rosalega flottur. Soffía Björg var líka frábær. Hún var ein af þeim sem komu með rútnunni, tveimur atriðum var ýtt fram fyrir Soffíu á meðan beðið var eftir henni og svo þegar hún mætti þá fór hún bara beint upp á svið, fékk ekki einu sinni pissupásu!“ segir

Birna. Þetta kvöld spiluðu einnig hljómsveitirnar Rythmatik, Contalgen Funeral, VIO, Mammút, Maus, Hermigervill, Dusty Miller og tónlistarmennirnir Rúnar Þórisson og Cell7.

Á laugardegnum startaði Lína langsokkur kvöldinu með glensi fyrir yngstu kynslóðina. Um restina af kvöldinu sáu hljómsveitirnar og tónlistarmennirnir um en það voru Markús and the Diversion Sessions, Solar, Kaleo, Snorri Helgason, Grísalappalísa, Highlands, Dj. Flugvél og Geimskip, Helgi Björnsson og Stórsvæit Vestfjarða, Hjaltafín, Sólstafrir og Retro Stefson.

Aðspurð um fjölda tónleikagesta segir Birna hann svipaðann

og undanfarin ár en hann hafi dreifst betur. „Bæði kvöldin byrjuðu rólega en svo fjölgaði jafn og þétt eftir því sem leið á. Það setti samt strík í reikninginn þessar tvær flugvélar sem ekki komust á föstudeginum,“ segir hún. Fæstir létu veðrið á sig fá en það skipti um ham á nokkurra mínútna fresti. Bylur, sól, slydda, él, rok, nefndu það. Þétt og góð dagskrá hátíðarinnar sá um að halda hlýjunni í mannfjöldanum en 25 hljómsveitir og listamenn komu fram í gömlu steypustöðinni. Þeir sem ekki höfðu tök á að mæta á staðinn gátu stillt útvarpstæki sín á Rás 2.

„Ég er búin að vera sambandi við bæði lögregluna og þá sem

voru í gæslunni og ég hef ekki heyrt af neinum stórum vandamálum hingað til í tengslum við hátíðina sem er frábært. Þessu var öllu saman slútað á páskaðag þegar við buðum tónlistarmönnum og upp á páskadinner í Fjósinu í Arnardal en fyrr um daginn fórum við með þau til Bolungarvíkur þar sem lærðum Lindy hop og skelltum okkur síðan í sund þar sem Dj Óli Dóri spilaði tónlist fyrir okkur. Svo fóru flestir ef ekki allir í gær, ég held að það hafi farið héðan sex flugvélar og í þeim öllum var að mestu fólk frá okkur. Þetta er búið að vera alveg æðislegt, frábært fólk sem kom að þessu öllu og hjálpaði okkur,“ segir Birna.

Ferðapjónustan er viðkvæm

Ferðapjónustan er atvinnugreinin sem stjórnmalamenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu á Alþingi blína á sem lausnina á atvinnu og efnahag Íslands. Sama gera stjórnmalamenn sem stýra sveitarfélögunum. Allir sjá tækifæri alls staðar. En er brautin slétt og felld framundan þótt gjaldeyriskreppur af ferðapjónustu séu nú meiri en af áli annars vegar og sjávarfangi hins vegar? Svarið er einfalt og það er nei. Að mörgu er að gæta, einkum ef ætlunin er að þessi atvinnugrein verði til framtíðar undirstaða gjaldeyrisöflunar. Nokkur hættumerki er að sjá við sjónarrönd. Við hefur blasað að þeir sem þjónusta flug, sem er aðgangurinn að Íslandi og ekki verður án verið, hafa að því er best verður séð talið sig vera í þeirri aðstöðu að geta með hótun um að beita verkföllum fengið sitt fram. Fleiri vandamál blasa við sem leysa verður hið fyrsta.

Ljóst má vera af tölunum einum sem fjögurra stunda vinnustöðvun veldur að ekki er verið að ýta undir álit erlendra ferðamanna á Íslandi og Íslendingum. Enginn skilji þessi orð á þann veg að ekki sé mark tekið á því sem segir í góðri bók, að verðugur sé verkamaðurinn launa sinna. Verkföll njóta ekki hylli

neinna nema verkfallsmanna hverju sinni. Jafn létt er skilja það og hitt að vilja fá betri laun fyrir vinnu sína. Þó situr í þankanum, að verkfallsvopninu er ekki beitt í tíð svo kallaðra vinstri stjórna, en lítt sparað þegar þær stjórnir sem kenna má til hægri komast að völdum. Tímabilið frá 1. febrúar 2009 til 23. maí 2013 var tíðindalítið í verkfallsgeiranum. Nú ber nýrra við. Verkföll þeirra sem afgreiða flug eða sinna því eru skaðleg ferðapjónustunni og langtímaáhrif kunna að verða all nokkur. Við þekkjum vandann sem skapaðist er Eyjafjallajökull gaus. Allt var gert til að halda flugi svo landið einangraðist ekki og skaði atvinnulífs yrði sem minnstur. Munu þeir sem sinna þjónustu við flugið setta sig við að verkfallsrétturinn leiði til minni atvinnu á endanum og tapaðra þjóðartekna?

Stórt mál bíður umfjöllunar ekki bara á þessum vettvangi heldur á sviði stjórnmála bæði ríkis og sveitar. Það er hvernig vinsælir heimsóknarstaðir ferðamanna, innlendra og útlendra verði verndaðir fyrir átroðslu og niðslu. Sé náttúran þjóðinni eins mikils virði og sumir háværir þingmenn láta væri þeim farsælast að koma með lausnir í stað upphrópana. Það er hlutverkið.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um breytingu á skipulagi, Eyrin á Ísafirði - Austurvegur

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda breytingu á deiliskipulagi á fundi sínum þann 10. apríl 2014.

Skipulagssvæðið, sem er 1,62 ha, er miðsvæðis á Eyrinni á Ísafirði og í jaðri miðbæjarins. Svæðið tekur til lóðar Grunnskólans á Ísafirði við Aðalstræti og Austurveg, Austurvegar 2, 9 og 11 og Silfurgötu 1 og 3 auk aðliggjandi hluta gatna og almenningsgarðsins Austurvallar.

Meginbreyting deiliskipulagsins felst í að Austurvegi milli grunnskólans (Aðalstræti 36) og Austurvallar (Austurvegar 5) og Sundhallarinnar (Austurvegur 9) er lokað að fullu, í stað þess að vera skilgreindur sem vistgata með lokun á skólatíma. Lóð skólans stækkar sem þessari lokun nemur.

Aksturstenging Aðalstrætis og Austurvegar breytist einnig, þannig að akstursleiðin verður rýmri. Þar er jafnframt gert ráð að lokað verði fyrir vélknúnni umferð milli kl. 07:40 og 14:00 þá daga sem starfsemi er í Grunnskólanum á Ísafirði.

Áfram er gert ráð fyrir bílastæðum á horni Austurvegar og Aðalstrætis en ekki gert ráð fyrir bílastæðum innan skólalóðar, nema vegna aðkomu fatlaðra. Bílastæði á lóðum Sundhallarinnar (Austurvegur 9) og Tónlistarskólans (Austurvegur 11) eru nánast óbreytt frá gildandi skipulagi, sem og bílastæði í Austurvegi austan skólalóðarinnar. Aðkoma að Austurvegi 7 verður áfram um lóð Sundhallarinnar (Austurvegar 9) líkt og í gildandi skipulagi.

Byggingarreitur innan Austurvallar (Austurvegur 5) er felldur út.

Fallið er frá breytingu sem gerð var á gildandi deiliskipulagi árið 2006, þar sem gert var ráð fyrir að rífa Silfurgötu 5 og Brunngötu 20 ásamt því færa Brunngötu og stækka skólalóðina sem þessu nemur. Einnig er skólalóðin færð fjær Silfurgötu til að rýma fyrir bílastæðum.

Við gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar falla úr gildi tvær fyrri breytingar sem taka til skipulagssvæðisins, þ.e.:

- Lóð tónlistaskóla Ísafjarðar, samþykkt 7. 5. 1998
- Skólasvæði við Austurveg og Aðalstræti 36 á Ísafirði, samþykkt 17. 7. 2006

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 25. apríl 2014 til og með 6. júní 2014. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 14. apríl 2014.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri
umhverfis- og eignasviðs.

Flokkarnir eiga ekkert að vera að þvælast fyrir

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir er forseti bæjarstjórnar Ísafjarðararbæjar og verkefnastjóri FabLab hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Ísafirði. Hún er þrautreynd í félagsmálum af ýmsu tagi þótt aðeins sé hún komin fáein ár yfir þrítugt. Athygli hefur vakið, að við kosningarnar í vor gefur hún ekki kost á sér til áframhaldandi starfa í bæjarstjórn fyrir sinn gamla flokk, Framsóknarflokkinn, eftir eitt kjörtímabil sem varamaður og síðan sem oddviti flokksins í bæjarstjórn á því kjörtímabili sem núna er að ljúka. Komið er inn á ástæður þessa síðar í þessu viðtali. Svo er aldrei að vita nema eitthvað verði spjallað um mataruppskriftir, matargerð og matarboð. Og sitthvað fleira.

Naumast eru margir sem geta talist rötgrónari Ísfirðingar, kannski öllu heldur Skutulsfirðingar, en Albertína Friðbjörg.

„Já, það er alveg rétt. Báðir foreldrar mínir eru ættaðir úr Skutulsfirðinum, og reyndar Öndarfirðinum líka. Afí minn í föðurætt er fæddur og uppalinn hér á Grænagarði og móðurfjölskyldan er einnig héðan úr Skutulsfirðinum og frá Ingjaldsandi,“ segir hún.

Albertína er alnafna ömmu sinnar, Albertínu Friðbjargar Elíasdóttur (1906-1987), sem átti heima á Brautarholti í Skutulsfirði og síðar á Grænagarði. Hún er elst þriggja barna Ingibjargar Svavarsdóttur og Elíasar Oddssonar. Systkini hennar eru Þórunn Anna, sem er viðskiptafræðingur og starfar hjá Ríkisskattstjóra á Akureyri, og Oddur, sem

lærði kvikmyndagerð og starfar í Reykjavík.

Félagsfræði, fjölmiðlafræði, sálfræði, landfræði

Eftir grunnskóla á Ísafirði var Albertína fyrst tvö ár í Menntaskólanum á Ísafirði en fór síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð.

„Ætli það hafi ekki bara verið uppreisnargirnin, sem kemur gjarnan upp í fólk á þessum árum, löngunin að breyta til, kannski er grasið grænna hinum megin. Ég hef alltaf hálfpartinn séð eftir að hafa ekki klárað stúdentsprófið í MÍ, en þetta voru líka ákaflega skemmtileg ár í MH og ég eignaðist þar marga góða vini. Í framhaldinu fór ég í Háskóla Íslands, tók fyrsta árið í sálfræðinni og seinni tvö árin í grunnnáminu í félagsfræði. Seinna tók ég í sama skóla mastersnám í landfræði með áherslu á bygðfræði, að rannsaka hvers vegna við búum þar sem við búum og tengslin sem myndum við staðina þar sem við búum.“ Albertína lauk árið 2005 BA-próf í félagsfræði með fjölmiðlafræði sem aukagrein og 28 einingar í sálfræði. Árið 2012 lauk hún síðan MSc-prófi í landfræði og nefndist lokaverkefni hennar *Ég á Ísafjörð og Ísafjörður á mig, staðartengsl og staðarsamsemd í samhengi við búsetuval*.

Síðan hefur starfsferill hennar verið meira og minna fyrir vestan og ferilskráin er óneitanlega fjölbreytt þó að hér verði aðeins stiklað á stóru.

„Um tíma eftir að ég lauk grunnnáminu í Háskóla Íslands starfaði ég í barnaverndarmál-

unum á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Eftir það kenndi ég einn vetur í Grunnskólanum á Flateyri. Það fannst mér alveg óskaplega gaman. Svo fór ég að vinna hjá Háskólasetri Vestfjarða, þar sem ég hef í rauninni verið með annan fótinn síðan og er þar enn í hlutastarfi. Það er vinna sem mér líkar mjög vel. Núna vinn ég líka hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Ísafirði við verkefni sem nefnist FabLab.“

Alla tækni má nota bæði til góðs og ills

– Er það ekki þar sem hægt er að prenta út skammybyssur?

„Til dæmis,“ segir Albertína og hlær. „Reyndar værum við nú ekkert sérstaklega hrifin af því. En það er svo merkilegt með alla tækni, og nýja tækni sérstaklega, að það er hægt að nota allt bæði til góðs og ills. Það gerir hins vegar tæknina ekki endilega slæma þó að það sé hægt að misnota hana.“

– Alfreð Nóbél komst nú að raun um það.

„Já, svo sannarlega, með dýnamítíð.“

– En hvað er FabLab eiginlega, svo við sleppum útprentun á skammybyssum?

„FabLab er svokölluð stafræn smíðja og í rauninni má segja að þar sé hægt að smíða hvað sem er. Þessi hugmynd byrjaði í Massachusetts Institute of Technology (MIT) í Bandaríkjunum. Þar voru menn í fyrsta lagi að velta fyrir sér hvernig væri hægt að auka áhuga fólks á því að nýta sér tæknina. Það er munur á því að nota tækni, vera hlutlaus not-

andi, og síðan að nýta hana til að skapa eitthvað meira. Þarna var ætlunin að fá fólk til að hugsa meira um það hvernig það geti búið til nýja hluti. Þeir voru með svo skemmtilegar græjur á rannsóknastofunum hjá sér og ákváðu að hleypa fólki þar inn og sjá hvað myndi koma út úr því.

Þetta svínvirkaði og núna eru komnar svona smíðjur út um allan heim, sem bæði starfa með skólum, eins og við hér störfum með menntaskólanum og grunnskólunum á svæðinu, og með almenningi. Við hleypum krökkunum inn til að hvetja þau til að skapa eitthvað, reyna að breyta hugsunarhættinum þannig að þau séu ekki bara notendur, og svo er það allur almenningur. Smíðjan er opin öllum og það kostar ekkert að koma og nota tækin, fólk borgar bara fyrir efnisnotkun. Hugmyndin er ekki síður að hvetja fólk almennt til að hugsa á nýjan hátt um það hvernig við búum hlutina til.

Ég held að fyrir svæði eins og hér sé gríðarlega dýrmætt að hafa aðgang að smíðju líkt og FabLab. Þarna hafa bæði almenningur og fyrirtæki á svæðinu, sem og börnin okkar í gegnum skólana, tækifæri á að læra að nýta sér og nota bestu fáanlegu tækni til að skapa og hanna nýja hluti.“

Prentar líkt og kransakökur eru búnar til

– Tækin sem þú talar um, hvers konar tæki eru það?

„Við erum með þrívíddarprentara, eins og þú minntist á, sem getur prentað út hluti á svipaðan hátt og kransakökur eru

búnar til. Hann bræðir plast og fer síðan hring eftir hring og byggir hlutinn upp. Svo erum við með laserskera sem sker og rastar í nánast allt. Auk þess erum við með lítinn fræsi, sem við notum einkum til að fræsa rafrásir, en hann má líka nota sem þrívíddarskanna. Þá erum við með stóran yfirfræsara sem við erum aðallega að nota til að vinna með timbur og plast, hann er nokkuð stór eða þrír metrar sinnur einn og hálfur. Loks erum við með vínyskera sem við notum til að búa til vegglimmiða sem eru svo vinsælir í dag. Hann er nokkuð einfaldur að því leyti að hann sker einfaldlega útlínur, en skapar þannig límmiða sem fólk notar í glugga og á veggina hjá sér til að skreyta. Við erum þó fyrst og fremst með hann til að skera mjúkar kopar-rafrásir sem til dæmis má nota til að leiða rafmagn í fót.

Svo erum við með fullkomið rafeindaverkstæði og erum meðal annars að leika okkur með Arduino stýribretti og Raspberry Pi smátölvur. Ég er einmitt að vinna í því þessa dagana að koma á eins konar Arduino „saumaklúbb“, þ.e. að fá fólk sem hefur áhuga á að læra á og vinna með Arduino að hittast reglulega og vinna saman að því að læra meira.“

– Hvað eruð þið mörg sem vinnid þarna á FabLab?

„Í rauninni er það bara ég, en síðan eru það kennarar í menntaskólanum og grunnskólunum sem koma með nemendur og eru mér líka til halds og trausts. En við erum þrjár sem störfum hér

Sælkeri vikunnar er Ragnar Sveinbjörnsson í Bolungarvík

Djúsi party vængir og Mexico bollur

Komst yfir þessa uppskrift als ekki fyrir löngu og er hún í miklu uppáhaldi hjá stór fjölskylduni.

Tveir bakkar af kjúklingavængjum.

ca 2 dl af hveiti.

Slatti af salt og pipar (mér finnst betra að hafa nóg af salt og pipar, saltið gerir hann stökkan)

Hveiti, salt og pipar sett í plastpoka og blandað saman. Vængjunum er síðan bætt úti,

lokað fyrir poka og hristið.

Raðað á ofnplötu og skellt inn í ofn á 200° í ca 20-25 mín

Dúndur mexico bollur

500 gr. hakk.

100 gr. rifinn Mexiko ostur.

1. dl. brauðrasp.

100 gr. Kotasæla.

200 gr. rifinn ostur.

1 bréf Taco krydd.

1 stk. Egg.

50 gr. Rifinn laukur.

5 dl. Salsa sósa (helt yfir)

Öllu hrært saman nema rifnum osti og salsa. Búið til bollur (ég nenni því ekki og bý bara til hleif) Salsa sósu dreyft yfir ásamt rifna ostinum. Sett inn í 180° heitan ofn í 25-30 mín. Borðið fram með nachos, guatamole, ostasósu, sýrðum rjóma og góðu salati.

Ég skora á vinafólk mitt þau Helenu Svavarsdóttir og Ágúst Svavar Hrólfsson í Bolungarvík um að vera næstu sælkerar.



við Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Ísafirði, auk mín þær Arna Lára Jónsdóttir og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir.“

Kannski fleiri klaufar í eldhúsinu

– Helstu áhugamál í frístundum? Matargerðin hefur nú ekki farið framhjá vinum þínum í bloggheimum og á Facebook ...

„Já, mér finnst óskaplega gaman að elda. En mér fannst það ekki! Mér fannst það bara hreinlega hundleiðinlegt! En ég hef lengi safnað uppskriftabókum, held að ég eigi núna hátt í tvö hundruð bækur. Þyrfti nú eiginlega að telja þær! Fyrir ári voru þær orðnar 150 og ég hef bætt vel í safnið síðan.

Svo vaknaði ég einn daginn fyrir tæpum þremur árum og hugsaði með mér að ég þyrfti að fara að nota þessar bækur eitthvað. Ég ákvað að byrja að blogga og segja frá því þegar ég var að prófa uppskriftirnar í bókunum. Þetta leiddi svo til þess að ég er farin að halda reglulega matarboð. Ég býð vinum og kunningjum í mat og fæ þá til að prófa alls konar furðulega hluti sem mér dettur í hug að gera.“

– Svo tekurðu og birtir fjölda mynda af framvindunni við tilbúninginn á hverjum rétti.

„Já, hugmyndin hefur þróast. Fyrst var hugmyndin að setja þetta inn og hafa eina mynd með, en svo hugsaði ég að kannski væru fleiri klaufar í eldhúsinu en ég og þá væri þægilegt að hafa mynd af hverju skrefi. Og líka til að sýna, að það sem ég er að elda er ekkert fullkomið. Ég er ekki neitt að hugsa um að elda eitthvað fullkomið, heldur að sýna að það geta allir eldað góðan mat. Maður þarf bara að þora að prófa,“ segir Albertína.

„Helsti vandinn varðandi matarboðin er að koma öllum fyrir. Mér finnst svo gaman að fá fólk í mat og gaman að gefa því að borða. Þetta er eitthvað sem ég hef frá ömmu minni á Seljalandsveginum. Ég er annars svo heppin að eiga góða vini sem eru alltaf boðnir og búnir að koma og smakka. Því fleiri, því betra! Ég réðst þess vegna í það síðasta sumar að endurskipuleggja eldhúsið mitt, reif vegg og stækkaði það um helming til að koma fleirum fyrir. Það hefur verið virkilega skemmtileg framkvæmd en hefði verið ómöguleg ef ekki hefði verið fyrir vini og ættingja sem lögðu hönd á plóg.“

Organisti í afleysingum

– Fleira sem þú hefur gaman af að fást við í tómstundum?

„Já, það er nú eitt sem ég er ekki viss um að svo margir viti um. Ég er organisti í afleysingum í kirkjunum hérna í kring, einkum á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Ég dett þarna inn þegar organistararnir á stöðunum vilja fá frí. Þá

hef ég líka verið að grípa í leiðsögn á Hesteyri á sumrin fyrir Hafstein og Kiddý. Hesteyri er sannast sagna staðurinn sem ég leita á til að hlaða batterín. Það er eitthvað alveg einstakt við þann stað, bæði róin og kyrrðin, en ekki síður þessi áminning sem felst í sögu staðarins.“

– Organisti í afleysingum, segirðu. Varstu í tónlistarskóla á fyrri tíð?

„Já, ég var í tónlistarskólanum hér á Ísafirði frá sex ára aldri og þangað til ég var átján ára. Svo þegar ég flutti aftur heim árið 2003 byrjaði ég fljótlega aftur. Ég var alla tíð með sama tónlistarkennarann, Elínu Jónsdóttur, og ég á henni að mikið að þakka, einkum að ég hafi enst svona lengi. Við náðum vel saman, einkum seinni árin. Elín kenndi reyndar líka pabba þegar hann var í tónlistarskólanum í gamla daga og tók svo við mér og svo

hættum við saman þegar ég tók áttunda stigið fyrir fjórum árum.“

– Lærðirðu á fleiri hljóðfæri en píanó?

„Nei, en ég lærði söng. Veit ekki hvort það varð til neins gagns! Það var meira bara til gamans. En það var líka óskaplega gaman, ég lærði hjá henni Guðrúnu Jónsdóttur. Hún er svo lifandi og skemmtilegur kennari. Þetta var 1996-97, tveir vetur eða eitthvað. Bara til að prófa.

Tónlistarskólinn var mjög stór hluti af mínu uppeldi. Ég er þakklát foreldrum mínum að hafa ekki gefist upp á mér, sem og Ellu. Ég hefði aldrei haldist svona lengi í tónlistarnáminu án hennar hvatninga. Núna er ég ákaflega ánægð með þetta, það er gaman að geta sest niður og spilað.“

Stórfjölskyldan mjög virk í félagsmálum



– Þú ert félagsmálafrík – veit eiginlega ekki hvort mér leyfist að nota það orð. Hvernig kom það til?

„Það er góð spurning, eins og stundum er sagt. Mamma og pabbi voru alltaf mjög virk í félagsmálum og amma mín ekki síður. Það má raunar segja að stórfjölskyldan hafi alltaf verið mjög virk í félagsmálum. Afi var náttúrlega í verkalýðsmálum og Skíðafélaginu. Fólkið mitt er alið upp við að það sé sjálfsagt að taka þátt í málunum. Ég er alin upp við að þátttaka í samfélagsmálum sé mikilvæg, að það sé mikilvægt að leggja sitt af mörkum. Það má svo segja að viðhorf mín til þátttöku í samfélaginu hafi síðan haft áhrif á námsval mitt, en þegar ég var í félagsfræðinni var líka einmitt verið að spá í það hvernig samskipti fólks í rauninni skapa samfélagið.“

– Þú varst virk í félagsstarfi strax í Menntaskólanum á Ísafirði.

„Já, ég var ritari nemendafélagsins einn vetur og var líka í skólanefnd. Í grunnskóla var ég formaður nemendafélagsins í tíunda bekk. Það er einmitt það sem amma mín innprentaði mér varðandi félagsstörf: Maður á ekki að segja nei. Hún sagði að konur væru svo gjarnar á að þora ekki, en þegar mér byðist tækifæri til þátttöku í félagsmálum, þá ætti ég að grípa það. Og ég hef

25. Apríl - 29. Apríl
★ Ísafjarðarbíó ★

EINVÍGID Í AMAZON

ISE TAL

Rio 2

SUNNUDAG KL 3. 3D

THE AMAZING SPIDER-MAN 2
THE ELECTRO

SÝND BÆÐI Í 2D OG 3D

STRÆSTI BARDAGI
HANS HINGÓD TIL

FÖSTUDAG KL 8 og LAUGARDAG KL 8 Í 3D
SUNNUDAG KL 5 Í 3D
SUNNUDAG KL 8 og MÁNUDAG KL 8 Í 2D



reynt að gera það. Það er líka svo rosalega gaman, því maður lendir í undarlegustu og óvæntustu hlutum þegar maður er tilbúinn til að taka þátt!“

Við sjáum bara hvernig ástandið er á Alþingi!

Eins og sagði í upphafi hefur Albertína átt sæti í bæjarstjórn

Ísafjarðarbæjar það kjörtímabil sem nú er að ljúka. Hún er þar í oddvitasæti Framsóknarflokksins, sem skipar meirihluta í bæjarstjórn ásamt Sjálfstæðisflokkn-

um, og gegnir starfi forseta bæjarstjórnar. Kjörtímabilið á undan var hún varamaður í bæjarstjórn. Hvað segir hún um reynsluna af starfinu í bæjarstjórn?

„Þetta hefur gengið ótrúlega vel. Þetta kjörtímabil í Ísafjarðarbæ hefur verið alveg einstakt að því leyti hvað samstarfið milli allra hefur gengið vel. Auðvitað koma upp mál þar sem fólk er ósammála, en það hefur ekki valdið neinum leiðindum til lengri tíma. Við höfum alltaf getað talað saman og reynt að ná sameiginlegri niðurstöðu. Mál þar sem ekki hefur verið sameiginleg niðurstaða eru undantekningar. En það væri í rauninni óeðlilegt ef við værum alltaf sammála. Við höfum ekkert endilega verið að taka afstöðu eftir meirihluta og minnihluta, og það finnst mér mjög jákvætt. Við sjáum bara hvernig ástandið er á Alþingi! Þannig ástand er ekki neinum til gagns.

Á kjörtímabilinu erum við búin að ná verulega flottum árangri, til dæmis í rekstri bæjarfélagsins. Við erum búin að snúa honum við úr stöðum mínus í plús. Ég held að það sé ekki síst því að þakka, að við höfum reynt að vinna hlutina saman og ræða mál in á milli funda, halda samskiptaleiðunum opnum. Það hefur líka tekist mjög vel samstarfið milli okkar Gísla Halldórs og Örnú Láru og það er sannarlega eitt hvað sem ég mun sakna.“

Miklir sameiginlegir hagsmunir Vestfirðinga

– Svo ertu líka stjórnarformaður Fjórðungssambands Vestfirðinga.

„Já, ég hef verið það, þetta er fjórða árið, og þau hafa sannarlega verið mér dýrmæt. Það hefur líka verið óskaplega skemmtilegt. Ég starfaði hjá Fjórðungssambandinu um tíma og lærði þar að meta mikilvægi þess að við Vestfirðingar stöndum saman og vinnum saman. Samgöngurnar gera okkur á stundum mjög erfitt fyrir í þeim efnum. En þó að margt sé ólíkt á milli svæða og sveitarfélaga, þá eigum við margra og mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta. Það versta sem við gerðum væri að draga með einhverjum hætti úr því samstarfi.“

– Hefur oft verið einhver togstreita á milli svæða á Vestfjörðum í þessu starfi innan Fjórðungssambandsins?

„Auðvitað er alltaf einhver togstreita, þeir stóru eru stórir og þeir litlu eru litlir. En ég held að okkur hafi tekist nokkuð vel á undanförunum árum að komast að sameiginlegri niðurstöðu í málum frekar en að einhver sé meira ráðandi en annar. Þar gildir það sama og annars staðar hve mikilvægt það er að setjast niður og ræða mál in í hreinskilni. Stundum kemur upp pirringur, en ef fólk er opið fyrir því að tala saman og ná sameiginlegri niðurstöðu, þá er hægt að gera frábæra hluti.

Að sumu leyti hafa þessi síð-

ustu fjögur ár vissulega líka verið erfið, við höfum verið að ganga í gegnum miklar breytingar. Meðal annars hafa sveitarfélögin tekið við málefnum fatlaðra. Umsvif Fjórðungssambandsins hafa aukist úr því að vera með einn starfsmann, framkvæmdastjórn, upp í það að vera með fimm starfsmenn, og veltan komin í það að vera á við lítið sveitarfélag. Það er auðvitað í samræmi við ákvarðanir síðustu ríkisstjórnar að færa fleiri verkefni til sveitarfélaga, sem og þann vilja sveitarstjórnarfólks að styrkja Fjórðungssambandið og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum.“

Lítill skilningur hjá ríkisvaldinu

– Varðandi verkefni sem færð hafa verið frá ríknu til sveitarfélaganna á seinni árum, grunnskólarnir á sínum tíma og nú síðast málefni fatlaðra – finnst þér að ríkið hafi látið nægilega tekjustofna fylgja?

„Nei, það er einfalt að svara þeirri spurningu. Og það er alveg sama hvernig við berjumst um og bendum á að við þurfum meira fjármagn, þá er ekki sérlega mikill skilningur á því hjá ríkisvaldinu. Maður veltir fyrir sér hvenær komið sé að þeim tímapunkti að við segjum einfaldlega: Við tökum ekki við fleiri verkefnum.

Sem dæmi má nefna samning við landshlutasamtökin um almenningssamgöngur. Þar fengum við svo grátlega lítinn pening með, að það er skammarlegt. Það er ekki hægt að reka neinar almenningssamgöngur fyrir þann pening. Og varðandi málefni fatlaðra komu upp alls konar reiknivillur og hlutir sem gengu ekki upp. En þar voru sem betur fer sett endurskoðunarákvæði þannig að verið er að vinna að því að rétta þann hlut.

Síðan er stöðugt verið að breyta lögum og auka skyldur okkar, til dæmis varðandi grunnskólana, án þess að fjármagn fylgi. Því miður er það nú svo, að við þurfum peninga til að geta annast verkefni almennilega.“

EKKI SÁTT VIÐ FLOKKINN

– Fram hefur komið, að þú ætlar ekki að gefa kost á þér áfram til starfa í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Hvers vegna ekki?

„Ástæðurnar fyrir því eru fleiri en ein. Ég hef ekki farið dult með það, að ég hef ekki verið sátt við flokkinn minn. Mér finnst ekki rétt að bjóða mig fram á nýjan leik fyrir þann flokk. Eins leiðilegt og mér finnst það nú, því að hér í Ísafjarðarbæ er mikið af góðu fólki í þeim flokki, fólki sem mér þykir óskaplega vænt um og hefur þótt vænt um að fá að starfa með. En stundum verður maður einfaldlega að fylgja sinni sannfæringu.

Auk þess er það ekki auðveldt vinna að starfa í sveitarstjórn, þó

að mér hafi þótt það óskaplega skemmtilegt. Innst inni langar mig auðvitað að halda áfram. En svo koma stundir þegar maður er þreyttur. Ekki síst á tímum þegar verið er að skera niður alla hluti til að koma rekstrinum á réttan kjöl, sem betur fer hefur tekist. Það hefur þýtt að við höfum þurft að gera breytingar sem hafa verið erfiðar og maður hefur ekki alltaf verið fullkomlega sáttur við. Það er þó ekki ástæðan fyrir því að ég er að hætta, heldur miklu frekar að mér þykir þetta góður tímapunktur til að fá aðeins ráðrúm til að draga andann.“

– Einhverjar getsakir hafa heyrst og sést þess efnis að þú myndir hugsanlega bjóða þig fram á einhverjum öðrum lista? Kemur það ekki til greina?

„Jú, það kæmi alveg til greina, en það væri auðveldara sagt en gert, því að ég hef ákveðnar skyldur gagnvart flokksfélaginu hérna heima. Útfærslan á því yrði kannski dálítið flókin, að vera kjörinn fulltrúi fyrir einn flokk

og ætla svo að fara í framboð fyrir einhvern annan.“

– Nú hittist þannig á, að ríkisstjórnin er mynduð af sömu stjórnsmálaflokkum og þeim sem standa að meirihlutanum í Ísafjarðarbæ. Er það rétt að himinn og haf skilji á milli þessara flokka annars vegar í ríkisstjórninni og hins vegar í Ísafjarðarbæ?

„Já. Mér finnst það til dæmis hafa komið berlega í ljós í bókunum gagnvart Evrópusambandinu og fleiri málefnum núna nýverið.“

Gætum alveg eins verið óflokksbundin

„Varðandi starf í sveitarstjórn um hallast ég annars meira og meira að því, að það eigi ekki að vera flokkspólitískt. Í sveitarstjórnarmálum hljótum við einfaldlega að vilja fá fólk sem vill starfa fyrir sveitarfélagið sitt. Við höfum ekkert verið að taka ákvarðanir í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar út frá flokkspólitískum sjónarmiðum. Hvað það varðar

gætum við þess vegna alveg eins verið óflokksbundin.

Mér finnst flokkspólitík ekkert eiga heima í svona litlu samfélagi þar sem við erum að takast á við mál sem snerta slíka pólitík ekki neitt. Við erum einfaldlega að reyna að taka ákvarðanir út frá því hvað er best fyrir sveitarfélagið. Þar eiga flokkarnir ekkert að vera að þvælast fyrir. Stundum hefur það kannski pirrað einhverja að maður skyldi ekki vera akkúrat á flokkslínunni, ég fór ekki í bæjarstjórn til að gæta hagsmuna neins nema sveitarfélagsins.

Hvað mig varðar hefur aðeins eitt skipt máli í störfum mínum í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga: Hvað er best fyrir Ísafjarðarbæ, hvað er best fyrir Vestfirði?

Með þessar spurningar að leiðarljósi hef ég reynt að gera mitt besta.“

– Hlynur Þór Magnússon.



Störf hjá Eimskip Flytjanda á Ísafirði

Eimskip leitar að öflugum einstaklingum til starfa hjá Eimskip Flytjanda á Ísafirði. Um er að ræða tímabundin störf við akstur og vöruhúsaþjónustu og framtíðarstarf á skrifstofu.

Fulltrúi á skrifstofu, 50% starfshlutfall - framtíðarstarf

Helstu verkefni eru móttaka og afhending vöru, skráningar vöruþyngi-bréfa og almenn þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri almennri tölvukunnáttu.

Bílstjóri - sumarafleysingar

Bílstjóri sinni reglubundnum akstri til Reykjavíkur. Vinnutími er frá kl. 16:00-24:00 alla virka daga. Meirapróf (C) er skilyrði fyrir ráðningu og réttindi til að aka með tengivagn (CE) eru æskileg.

Vöruhúsaþjónusta - sumarafleysing

Helstu verkefni eru vörumóttaka og vöruafgreiðsla. Vinnutími er frá kl. 08:00-17:00 allra virka daga. Æskilegt er að umsækjendur hafi lyftararéttindi (J).

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hafþór Halldórsson, svæðisstjóri Eimskips á Vestfjörðum í sínum 525 7891 og 825 7081 eða á netfanginu hrh@eimskip.is. Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is, og hvetjum við áhugasama til að sækja um. Umsóknarfrestur er til 2. maí 2014.

Hreint sakarvottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



Sportið í beinni...

Laugardagur 26. apríl

kl. 11:45 South.pton. - Everton
kl. 14:00 Swansea - Aston Villa
kl. 14:00 Fulham - Hull
kl. 14:00 Stoke - Tottenham
kl. 14:00 WBA - West Ham
kl. 16:30 Man. Utd - Norwich
kl. 18:00 Real M. Osasuna

Sunnudagur 27. apríl

kl. 11:00 Sunderland - Cardiff
kl. 13:00 Liverpool - Chelsea
kl. 15:00 Valencia - Atletico M
kl. 15:00 Crystal P - Man. City
kl. 19:00 Villarreal - Barcelona

Mánudagur 28. apríl

19:00 Arsenal - Newcastle

Dagar Íslands

26. apríl 1834: Tvö skip og fjórtán bátar fórust í skyndilegu ofsavæðri á Faxaflóa og með þeim fjörutíu og tveir.

26. apríl 1966: Akraborg kom í síðasta sinn til Borgarness.

Þá hafði áætlunarferðum með skipum milli Reykjavíkur og Borgarness verið haldið uppi í hálfan áttunda áratug.

27. apríl 1915: Gullfoss lagði af stað til New York og kom þaðan mánuði síðar. Hann var fyrstur íslenskra skipa með

íslenskum skipstjóra og íslenski skipshöfn til að sigla milli Íslands og Ameríku síðan á dögum Leifs heppna.

27. apríl 1977: Önnur goshrina Kröfluelda hófst en stóð aðeins í þrjá daga.

28. apríl 1819: Tugthúsið í Reykjavík var gert að embættisbústað fyrir stiftamt-mann, samkvæmt konungs-úrskurði. Þar eru nú skrifstofur forseta Íslands og forsæðis-ráðherra landsins.

29. apríl 1967: Brandur, breskur landhelgisbrjótur, strauk úr Reykjavíkurhöfn með tvo íslenska lögreglumenn.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Breytileg átt, 3-8 m/s og lítills-háttar rigning. Hiti 3-10 stig.

Horfur á laugardag:

Norðanátt og skúrir eða el norðantil, en bjartviðri suðra. Hiti 2-12 stig, hlýjast syðst.

Horfur á sunnudag:

Norðanátt með dálitlum eljum norðantil eð skúrum syðra. Kólnandi veður.

Krossgátan

				Jón Steingr.	Hafnfirð-ingur	Sár	Flana Mjaka	Blaðra Skaða Beita	50	✓	Óhreinka Oddi
						↓					↘
				Tómu					Öfugur tvíhlj.		
				Uppi					Sérhlj.		
50		preyt-una	Ríkur Fái í arf Gim-steinn								
Sterkar							✓				
↘									Tónn		↓
									Samhlj.		
Reyra						Húð-keipur Bragar-háttur					
Strax								✓		✓	
Átt	↘			Tveir			Slöngu				
Flækja	↓			Til			Sérhlj.				
↘			✓		Brot Orðrómur Óðagot					Samhlj.	
										Pungi	
Samhlj.		Annars					Elds-leifar Afdrep Viðliður				
Ryk		Ýra						✓			↓
↘				Skóli Ógát							↓
				Ísl.st.							
Flökkti						Beita				Samhlj.	
						Sérhlj.				Átt	
Óðagot	↘			Mjólkur-ilátið Brodd-gölt	✓						
Annar		Tölu				Sérhlj.	✓	Sjór			
		Hrós				Hita		Rekbor			
Konu	↘									↘	Einn
	Væð									Örtröð ↑	Efnatákn
↘					Bjartan						
					Sérhlj.						
Lindi			Smáögn							↑	

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

ÁSINN

2x10 lítra
á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

						K		N	
				A	L	V	A	R	A
				Ð		E	Ð	Ö	R
	Ó			Á	F	A	L	F	R
	V	A	N	H	E	L	G	A	A
R	Æ	F	I	L	R		E	R	N
	N	Á	Ð	A	Ð	A	N		Ó
Á	T	T		U		U	G	G	I
	B		S	P	O	R	N	A	A
F	R	Á	A			N	I	K	E
	Ú	L	K	Æ	V	I	N	A	T
I	Ð	K	A	Ð	I	R		S	T
	K	A	R	I	Ð		Á	T	U
M	A	N		N		Ó	G	A	G
	U		H	A	G	S	Æ	L	D
S	P	Ó	A		E	I	T	I	L
☹	S	⇒	F	E	R	Ð		B	I

Sudoku prautir

	2						9	
	7	3					6	
		6	5	8		4		
		5		6	4		3	
	4		2	1		8		
		7		3	9	1		
	8					9	7	
	6						8	

				9				2
		1	7				9	
		5		8		1	4	
	5				8		7	
8				6				9
	3		9				5	
	4	7		5		2		
	8			2	7			
1				7				

Erfitt undirbúningstímabil

Fyrsti leikur meistaraflokks karla hjá BÍ/Bolungarvík á komandi keppnistímabili verður gegn Tindastóli á Torfnesvelli laugardaginn 10. maí. Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari segir að undirbúningur liðsins í vetur hafi verið erfiður. „Hópurinn er tvískiptur, hluti af honum fyrir sunnan og hluti fyrir vestan og við höfum ekki náð að æfa almennilega saman í vetur. Þá hafa erfiðar aðstæður fyrir vestan í vetur ekki hjálpað til. Við misstum líka menn eftir síðasta tímabil og höfum ekki almennilega náð að fylla þeirra sköð. Það verður að viðurkennast að við erum talsvert á eftir hinum liðunum í undirbúningi“ segir Jörundur Áki.

Leikmannahópurinn er ekki fullskipaður en Jörundur Áki á allt eins von á því að við hann bætist einn til tveir leikmenn. „Hópurinn er mjög lítill. Við eigum unga og efnilega stráka en þeir eru kannski ekki alveg klárir í að spila mjög stórt hlutverk með liðinu í sumar. Við lögðum upp með það í haust að gefa ungum leikmönnum tækifæri og þeir hafa fengið talsverðan spílatíma í æfingaleikjunum í vetur en við þurfum að leyfa 16 ára strákum að koma hægt inn í þetta,“ segir Jörundur Áki.

Meistaraflokkurinn verður allur á Ísafirði um páskana við æfingar og verður það í fyrsta sinn síðan í september sem allt liðið æfir saman. Í dag verður leikinn æfingaleikur við Hörð á gervigrasinu á Torfnesi. Sannkallaður bæjarslagur í vendum.

Ekki nægjanlegt fjármagn

„Fjármagn til gatnakerfis hefur því miður ekki verið nægjanlegt svo hægt sé að halda því við. Segja má að á flestum árum sé um að ræða hjálp í viðlögum, þó hafa nokkrar götur verið endurnýjaðar. Æskilegt væri að fjármagn malbiks gatna væri um 50 millj. annað hvert ár. Þá hefur fjármagn til viðhalds ekki verið nægjanlegt til að uppfylla allar kröfur sem gerðar eru,“ segir meðal annars í minnisblaði Jóhanns Birkis Helgasonar.

smáar

Til leigu er 2ja herb. íbúð. Uppl. gefur Bernharð í síma 848 0938.

Til sölu eru eftirtaldir bækur, Saga Hornstrendinga, Sléttuhreppur, Saga Strandmanna, Saga Alþingis, Æviskrár Strandmanna, Einar Jónsson myndhöggvari og Grallarinn. Uppl. í síma 557 7957.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N **Sjóvinnufatnaður**
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsasmíði
Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI
Suðurgötu 9

Kampi EHF

Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HRADFREYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spálfrætt niðring stjórnaðarlunda



TYGGJA

WRIGLEY'S
Extra